

Aðalfundur Félags kvikmyndagerðarmanna
Haldinn í Iðnó, laugardaginn 26. febrúar 2011 kl .16:00.

Fundarstjóri: Anton Máni Svansson

Ritari: Anna Þóra Steinþórsdóttir

Dagskrá:

1. Hrafnhildur Gunnarsdóttir formaður kynnr skýrslu stjórnar.

Hér á eftir er stiklað á stóru í ræðu Hrafnhildar:

- Stjórnin stefnir á að halda framvegis **aðalfundi** milli jóla og nýjárs eins og áður hefur tíðkast. Á síðasta aðalfundi var vel mætt enda var þá mikill uggur í röðum kvikmyndagerðarmanna vegna niðurskurðar KMÍ ofl.
- Stjórnin sem þá var kosin fundaði 13 sinnum á árinu 2010. Tekin var upp sú venja að halda stjórnarfundum í fundaherbergi Kvikmyndamiðstöðvar við Hverfisgötuna en stefnt er á að hreiðra betur um okkur þar og fá einskonar skrifstofu.
- Mikil vakning var um **kjaramál** á síðasta ári. Við erum yfirlýst fagfélag hinna ýmsu starfshópa í greininni og við höfum unnið að kjaramálum en þau verða nánar útlistuð síðar á fundinum. Skráðir félagar í FK eru 303 þar af hafa 160 hafa félagsgjöld.
- Við erum að vinna í því að auka útbreiðslu fréttabréfsins sem núna er dreift á hátt í 700 netföng en aðeins um 40% þeirra eru virk. Anton Máni hefur séð um útgáfu þess, en það er sent út allavegana einu sinnu í mánuði. Minnum við á að öll innlegg eru vel þegin.
- Við höfum verið í samstarfi við hin félögin SÍK og SKL vegna mikils niðurskurðar og þess að samkomulag um kvikmyndagerð frá 2007 hefur verið hunsað. Við erum ósátt við að fá ekki skjaldborg í kring um okkur eins og t.d. Þjóðleikhúsið.
- Rauða skýrslan tíunduð:
 - 40 milljón króna niðurskurður getur orðið að 5 milljarða samdrætti. Áttum fundum með fjárlaganefnd og kynntum þessi mál. Menntamálaráðherra skipaði nefnd til að skoða stöðu kvikmyndagerðar en í henni sitja auk Hrafnhildar þau Ari Kristinsson, Silja Hauksdóttir og Krisín Atladóttir ofl. Haldnir voru miklir og langir fundir. Skýrsluna má lesa á filmmakers.is.
 - Formaður telur að eyrum menntamálaráðherra hafi verið náð. Uppi eru hugmyndir um að virkja Kvikmyndaráð og gera áætlanir fyrir 2012-2015. Okkur er sagt að niðurskurði se lokið en aukning á framlögum til greinarinnar verður varla.
 - IHM gjöld fara þverrandi. Við þurfum að vinna í öðrum leiðum t.d. varðandi flakkara etc.
- Stofnun Bíó Paradísar** var eitt af stóru málunum okkar á síðasta ári. Þegar ljóst var að sýningum Senu var hætt í Regnboganum tóku FK, SÍK, SKL og lítið félag kvikmyndaunnenda höndum saman og tókst loks að tryggja 12 milljónir til að starta þessu. FK lagði til kr. 300 þús. í hlutafé og 200 þús. í víkjandi lán. Þetta var mjög naumt. Svo var lagst á hnén og okkur tókst að fá

samþykktar 8 milljónir af fjárlögum. Bíó Paradís rúllar og gengur vel en mikilvægt að hlúa að þessu.

-Kjaramál: Nýja fólkið í stjórninni fór að hittast til að kanna landslagið varðandi stéttarfélag innan FK og var helst litið til möguleikanna á samstarfi við önnur stéttarfélög s.s. Rafiðnasambandið.

-Hingað kemur fulltrúi frá Félagi tæknifólks í rafiðnaði (FTR sem er fagfélag innan RSÍ)

-Ekkert hefur verið rifist í greininni innbyrðis. Formaður er fulltrúi m.a. í BÍL sem er öflugt og telur hún Kolbrúnu (formann BÍL) duglega að vinna að t.d. endurbótum RÚV.

-Hugmynd er á lofti um listalausán dag t.d. 11.11.11. og slökkva á allri list til að undirstrika mikilvægi listanna.

-FK ber ábyrð á hátíðinni **Reykjavík Shorts and Docs**. Við höldum hátíðina með sjálfboðaliðum í janúar og tókst vel. Hækkaði hátíðin áhorfendatölur í Bíó Paradís.

-Höfundasjóður FK var virkur og hægt var að sækja IHM peninga. 8 umsækjendur fengu úthlutun úr menningarsjóðnum.

-Búið er að prenta ný skírteini og fullt af fríðindum...fljótt að borga sig.

-Endurnýjun samnings við RÚV við kvikmyndageirann, nýtt frumvarp til laga um RÚV og fjölmiðlafrumvarp var reifað.

-Formaður þakkaði að lokum stjórninni og vonar að starfið nýtist í þágu kvikmyndagerðar í landinu.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Bubbi stígur í pontu og skýrir uppgjórið:

-Tapið kemur m.a.vegna skulda frá fyrri árum.

-Aukin innkoma er vegna félagsgjalda og mun sú innkoma vonandi aukast enn meira á næsta ári þar sem Kvikmyndaskólinn er byrjaður að borga fyrsta árið fyrir sína útskiftarnemendur.

-IMH skiptist í 3 hluta. Tókum af IHM reikningnum 500 þús. í Bíó Paradís og 300 vegna rauðu skýrslunnar.

-Menningarsjóður FK úthlutaði styrkjum til 8 umsækjenda og IHM úthlutaði líka.

-Ingvar spyr um IHM hvort eitthvað sé að gerast. Hrafnhildur svarar að boltinn sé hjá stjórnarsýslunni.

3. RSÍ / FTR

Guðmundur Gunnarsson formaður RSÍ stígur í pontu og kynnir stéttarfélagsmál fyrir fundargestum:

-Munur er á stéttarfélagi og fagfélagi. Stéttarfélag byggist á launatengdum gjöldum t.d. í félagi sýningarmanna eru 2 hópar annars vegar þeir sem eru í fullu starfi með fullar greiðslur og réttindi innan félags. Svo eru menn sem eru í hlutastörfum en eru samt í félaginu. Svo eru nemar í rafiðngreinum sem ávinna sér rétt tímabundið.

Ef FK gengi inní RSÍ þá öðlumst við ekki réttindi nema vinnuveitendur greiði sín gjöld til RSÍ. Stéttarfélag hefur lagalegar skyldur og stöðu í stjórnkerfinu og rétt til að sækja á vinnuveitendur um að standa skil á t.d. orlofsgreiðslum ofl.

Kjarasamningar:

-Ákvarða má lágmarkslaun og hafa kjarasamningar lagalegt gildi.

RSÍ er með 27 kjarasamninga og um þá gilda ákveðin lög og á grundvelli þeirra getum við krafist vinnuveitendur um réttindi og kjör starfsmannanna.

-Lög frá 1938 varða gerð karasamniga um laun, kjör, matartíma, frídaga, vinnutíma o.s.frv.

-Munur er mikill milli stéttarféлага sem ákvarðast af missterkum sjóðum o.fl.

RSÍ er áberandi karlasamfélag 6000 manns og flestir í fullu starfi og 85% karlar. Konur eru oft dýrar fyrir rekstur stéttafélag.

-RSÍ sér um félagslegan rekstur s.s. orlofssjóð og félagssjóð o.s.frv. en ekki hvert félag fyrir sig. 10 aðildarfélög borga skatt til sambandisins sem svo sér um reksturinn. T.d. eru sýningarmenn 25 manna félag sem hefur aðgang að kerfi sem er byggt utan um 6000 manna félag.

-100 manns eru um hvert orlofshús hjá RSÍ en 500 hjá t.d. VR.

-Sjúkrasjóðurinn hefur mesta umsjó. Hann er til kominn til að jafna tryggingakerfi miðað við hin Norðurlöndin og við tryggjum okkar félagsmönnum 80% af þeim launum sem þeir höfðu fyrir veikindi. Sjúkrasjóðurinn kemur til viðbótar við almenna bótakerfið. Sum félög eru með ákveðna krónutölu og tímabilin eru líka mismunandi. Ferðakostnaður v. veikinda, launatap maka o.fl. er einnig bætt.

-Guðmundur kynnir fleiri ávinninga vegna inngöngu í RSÍ s.s. styrki fyrir líkamsrækt, starfsmenntastyrki og lögfræðiaðstoð vegna kjaramála.

-Rafiðnaðarskólinn, aðgangur að húsnæði skólans og niðurgreiðsla á námskeiðum.

-Guðmundur bendir einnig á að við búum við "Villta vesturs umhverfi", þ.e.a.s. fólk er hrætt um vinnuna sína og atvinnuveitendur notfæra sér þetta og ganga yfir starfsmenn. Okkar daglega líf að fást við svona drullusokka.

-Ef þið hafið áhuga á að ganga í RSÍ þá þurfa ykkar vinnuveitendur að standa skil á gjöldum ofl. Sumir vinna stopult en það þarf að vera samfella í greiðslum og menn þurfa að hafa eðlilega ráðningasamninga þar sem kjör og kaup eru skýrt skilgreind. Vinnuveitendur verða gleymnir og þegar ekkert stendur á blaði er erfitt að sækja rétt starfsmanna.

-Þetta hefur áður komið til tals og Kvikmyndaskóli Íslands var í samstarfi við Rafiðnaskólann fyrir nokkrum árum og rætt um frekara samstarf.

-Menn eru oft meira af hugsjón í þessum bransa. en ekki í venjulegri launavinnu og ef ekki eru til samningar getum við lítið gert í málum.

-RSÍ er eitt af sterkustu stéttarfélagunum og þið öðlist mörg réttindi.

-Ingvar spyr um samfellu...hentar illa fyrir free-lance og verktaka?

-Þú þarft sjálfur að tryggja að gjöldin skili sér. Það er hægt að útfæra þetta sem undirverktöku þ.e.a.s. ehf. sem heldur utanum gjöldin. Menn sem reka sjálfa sig. Það þarf að passa að rukka 40% meira sem verktaki en launamaður. Þessi réttindi kosta svo mikið; Vinnuveitandi heldur eftir 12% af launum til að borga laun í sumarfrí, 5% fyrir rauða daga, 7% fyrir veikindadaga... fólk áttar sig ekki allaf á þessu.

Þá tók til máls **Jakob Tryggvason** f.h. Félags tæknifólks í rafiðnaði:

Mér finnst kvikmyndafólk eiga heima í FTR. Það er spurning hvort þið viljið breyta FK í stéttafélag eða stofna kjaradeild og bjóða þeim sem hafa áhuga að verða hluti af þessu.

Lögfræðingur félagsins hefur sótt kjaramál og líka höfundaréttarmál.

Kjarasamngur þýðir lágmarkslaun í ákveðnu starfi og það er hellings vinna að útfæra þetta en þetta getur skipt miklu máli og ég vona að við náum saman í þessu.

FTR eru um 1000 manns og margt líkt með okkar félagsmönnum og ykkar.

4. Lagabreytingar

Anton Máni stingur upp á að félagsgjöld verði áfram kr. 4000.-

Það er samþykkt.

5. Kosning stjórnar

Sigurbjörn Búi Baldvinsson gefur ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn FK.

Aðrir sitjandi stjórnarmenn gefa kost á sér.

Goði Már Guðbjörnsson býður sig fram.

Ekki eru fleiri framboð og hann því boðinn velkominn til starfa.

Stjórn Félags kvikmyndagerðarmanna er því skipuð sem hér segir:

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður

Stefanía Thors, varaformaður

Guðbergur Davíðsson, gjaldkeri

Anna Þóra Steinþórsdóttir

Anton Máni Svansson

Júlía Embla Katrínardóttir

Arnar Marrow Einarsson

Guðmundur Erlingsson

Goði Már Guðbjörnsson

Jón Karl Helgason og Hákon Már Oddsson eru samþykktir sem endurskoðendur félagsins.

6. Önnur Mál

Stefanía gerir grein fyrir störfum kjaradeildar og Arnar les greinargerð.

Arnar les bréf frá lögfræðingi félagsins:

Arnar og félagar leggja til að stofna þessa kjaradeild FK.

Til yrðu tvenns konar aðildarleiðir í FK, með eða án þátttöku í kjaradeild.

Forsendan er að gerður verði kjarasamningur fyrir hvert starfsheiti.

Samþykkt að vinna að stofnun kjaradeildar og boða síðan til aukaaðalfundar.

-Stefanía nefnir ný fríðindi :

20% afsláttur í hádeginu á UNO

10 bolla kaffikort á kr. 2500.- á Stofunni sem er nýtt kaffihús.

-Bubbi segir Sambíóin vera búin að samþykkja 2 f 1 en það er ekki orðið virkt vegna tölvukerfis hjá þeim en ætti að vera virkt mjög fljótlega og gilda þá á allar almennar sýningar.

-Þá var lítillega rætt um kjörskrá IKSA, innsendingar til og útsendingu Eddunnar.

Jósi segir marga vilja hafa Edduna annað hvert ár. Jón Karl segir að með betra tempói sé hægt að hafa þetta skemmtilegt. Verður að vera árlega til að halda þessu gangandi. Hann telur einnig mistök að Skjár einn skyldi ekki vera með(ekki fá tilnefningu). Hrafnhildur segir að það hafi verið vegna reglna um fjölda innsendinga og ekki hægt að mismuna en menn voru ekki á einu máli um gildi lýðræðis í þessum efnunum og málin rædd um sinn.

Í lok fundar er tekið upp framboð Stefaníu Thors til varaformanns. Bubbi tekur þá við fundarstjórn af Antoni til að stjórna leynilegri kosningu en áður en til hennar kemur gefur Anton varaformannsembættið frá sér og Steffí tekur við því.

-Fundu slitið-